

Aðgerðaáætlun Akrahrepps

Um órofna starfsemi og þjónustu vegna COVID-19

1. útgáfa – 23. mars 2020

Inngangur

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar. Hreppsnefnd Akrahrepps fylgist vel með þróun faraldursins, ásamt leiðbeiningum og fyrirmælum landlæknis, sóttvarnalæknis og almannavarna. Aðgerðir almannavarna miða fyrst og fremst við að hægja á útbreiðslu veirunnar og beita aðgerðum til að verja fólk sem er veikast fyrir, eldra fólk og fólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma.

Aðgerðaáætlun þessi miðar að því að tryggja órofna starfsemi og þjónustu Akrahrepps og byggir m.a. á viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar við heimsfaraldri influensu COVID-19, 1. útgáfa dags. 9. mars 2020, sem sinnir lykilþjónustu fyrir Akrahrepp.

Aðgerðaáætlunin felur í sér fyrirmæli og er einnig til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk Akrahrepps. Í henni eru skilgreindar ráðstafanir sem gerðar eru til að (a) varna sem best útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar og (b) undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun miðað við aðstæður.

Aðgerðaáætlun þessi tekur þegar gildi og getur tekið breytingum.

Hreppsnefndarskrifstofa Akrahrepps:

Ekki verður tekið á móti fólki á skrifstofu Akrahrepps á Silfrastöðum frá og með mánudeginum 23. mars 2020. Eru íbúar Akrahrepps hvattir til þess að hringja í síma 626-1016 eða senda tölvupóst á netfangið akrahreppur@akrahreppur.is til þess að komast í samband við sveitarfélagið. Eða með því að senda tölvupóst beint á viðkomandi fulltrúa í hreppsnefnd.

hrefna@akrahreppur.is

einar@akrahreppur.is

eythor@akrahreppur.is

drifa@akrahreppur.is

thorkell@akrahreppur.is

Fundir:

Ekki verða haldnir fundir nefnda og hreppsnefndar nema nauðsyn krefji og skal þá notast við fjarfundarbúnað skv. lagafrumvarpi um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 varðandi útfærða heimild sveitarstjórna til þess að halda fjarfundi.

Hreppsnefnd Akrahrepps og starfsmenn sveitarfélagsins sem sinna heimaþjónustu skulu gæta þess að taka ekki þátt í fundum og samkomum utanhúss, nema brýna nauðsyn beri til. Ávallt skal gæta ítrustu varúðarráðstafana varðandi smithættu.

Stofnanir almennt:

Vísað er til Viðbragðsáætlunar og aðgerðaáætlunar sveitarfélagsins Skagafjarðar, eða annarra stofnana sem sinna lykilþjónustu, varðandi órofin rekstur þeirrar þjónustu. Lykilþjónustu er t.d. rekstur skóla og leikskóla, heimahjúkrun, eldvarnir, sjúkraflutningar, rekstur veitna.

Sérstök athygli er vakin á aðgerðaáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna COVID-19 veirunnar, sjá nánar hér: <https://www.skagafjordur.is/is/moya/page/vidbrogd-vid-covid-19-veirunni>

Þjónusta við eldri borgara:

Eldri borgarar (60+) eru skilgreindir sem áhættuhópur en einnig geta þeir verið viðkvæmir fyrir því að dregið sé úr þjónustu við þá. Leitast verður við að sinna allri nauðsynlegri þjónustu í samráði við þiggjendur þjónustunnar. Lögð er áhersla á að þrifa og spritta sérstaklega vel alla snertifleti, s.s. borð og bekki, hurðarhúna, stólarma, handrið etc. Spritti hefur verið dreift til þeirra sem þiggja heimaþjónustu.

Skert og breytt þjónusta verður í dagdvöl aldraðra, haft hefur verið samband við alla notendur þjónustunnar og fundinn flötur á breyttri þjónustu. Í einhverjum tilfellum fer þjónusta fram á heimili viðkomandi.

Aðrar gagnlegar upplýsingar og tenglar vegna COVID-19

Mikilvægt að allir fari eftir fyrirmælum landlæknis, á vef embættisins má nálgast helstu upplýsingar um COVID-19 <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/>

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra www.almannavarnir.is

Embætti landlæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra standa að baki www.covid.is

Samantekt um úrræði vegna COVID-19 heimsfaraldurs á heimasíðu SSNV <http://www.ssnv.is/is/moya/news/category/1/urraedi-vegna-covid-19-heimsfaraldurs>

Þar sem Akrahreppur er landbúnaðarhérað er afar mikilvægt að tryggja órofinn búrekstur. Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðins hefur gert viðbragðsáætlun fyrir bú í rekstri. Eftirfarandi texti er tekinn af heimasíðu þeirra og eru bændur hvattir til þess að gera slíka áætlun fyrir sín bú:

Nauðsynlegt er fyrir bændur að hafa viðbragðsáætlun sem tekur til þátta sem mikilvægir eru til að tryggja órofinn búrekstur komi til veikinda. Gera þarf ráð fyrir að afleysingamaður geti gengið inn í dagleg störf án þekkingar á viðkomandi búi eða með aðstoð bónda. Þá skiptir viðbragsáætlun hvers bús höfuðmáli.

Hér fyrir neðan má nálgast sniðmát viðbragsáætlana fyrir .

Viðbragðsáætlun fyrir kúabú [pdf skjal](#) [word skjal](#)

Viðbragðsáætlun fyrir sauðfjárbú [pdf skjal](#) [word skjal](#)

Viðbragðsáætlun fyrir hesthús [pdf skjal](#) [word skjal](#)

Oddviti Akrahrepps